

20. mars 1986

331

Nr. 162

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið kr. 1 525 fyrir 2. ársfjórðung 1986.

Menntamálaráðuneytið, 20. mars 1986.

Knútur Hallsson.

Árni Gunnarsson.

13. mars 1986

Nr. 163

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 25 000,00 kr. á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 2 500,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 50 000,00.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 7 500 000,00 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 740,00 á rúmlest af tréskípum og kr. 370,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 111 000,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. og 3. gr. gilda frá 1. janúar 1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

B 39*